



74. sveitarstjórnarfundur
F26-08-073

Sveitarstjórn Húnabyggðar Fundargerð

Fundur haldinn þann 11.8.2026, 15:00 – 16:35. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri:	Guðmundur Haukur Jakobsson forseti sveitarstjórnar
Ritari:	Dagný Rósa Úlfarsdóttir
Fundinn sátu:	Grímur Rúnar Lárusson aðalmaður Zophonías Ari Lárusson aðalmaður Jenný Lind Gunnarsdóttir aðalmaður Kolbrún Ágústa Guðnadóttir aðalmaður Jón Gíslason aðalmaður Sævar Björgvinsson aðalmaður Helgi Páll Gíslason aðalmaður Ragnhildur Haraldsdóttir aðalmaður
Starfsmenn:	Baldur Haraldsson Sigmar Ingi Njálsson Pétur Arason sveitarstjóri

Í upphafi fundar óskaði forseti eftir því að tveimur dagskrárliðum yrði bætt við fundinn. Annars vegar er um að ræða dagskrárlið um þjóðaratkvæðagreiðsluna 29. ágúst sem verði liður númer 2 og hins vegar er um að ræða fundargerð 15. fundar landbúnaðarnefndar sem verður liður númer 7. Það er samþykkt samhljóða.

Tillaga forseta borinn upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.

1. M26-08-476 - Kynning á tæknilausnum

Sigmar Ingi Njálsson og Baldur Haraldsson komu inn á fundinn og fór yfir þær tæknilausnir sem mögulegar eru hvað varðar beinar útsendingar frá sveitarstjórnarfundum.

2. M26-08-480 - Þjóðaratkvæðagreiðsla 29.08.2026

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kjörstaður þjóðaratkvæðagreiðslu þann 29. ágúst fari fram í Norðursal Íþróttamiðstöðvarinnar að Melabraut 2 og að það verði eini kjörstaður þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

3. M26-08-473 - Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga

Forseti lagði fram tillögu um að sveitarstjórn veiti Guðmundi Hauki Jakobssyni umboð til að fara með atkvæði Húnabyggðar á aðalfundi Samtaka orkusveitarfélaga 21. ágúst næstkomandi. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

4. F26-06-065 - 25. fundur atvinnu- og menningarnefndar

Fundargerð 25. fundar atvinnu- og menningarnefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 74. fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar eins og einstök erindi bera með sér. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með níu atkvæðum samhljóða.

1. M26-08-459 - Leikfélag Blönduóss - samningur o.fl.

Dagskrárlið frestað.

2. M26-08-461 - Gamli hafnarkraninn á Blönduósi.

Atvinnu- og menningarnefnd leggur til við byggðarráð að gamli hafnarkraninn á Blönduóshöfn verði gerður upp og komið fyrir á Blönduóshöfn, en kraninn er nú í Draugagili.

3. M26-08-462 - Blönduóshöfn

Atvinnu- og menningarnefnd beinir því til byggðarráðs að láta loka slóðanum við grjótagarðinn þannig að ekki sé hægt að aka ökutækjum norður fyrir varnargarðinn og að efnistaka verði bönnuð á hafnarsvæðinu. Nefndin felur sveitarstjóra að láta kanna hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að sækja fjármagn í nauðsynlegar framkvæmdir og hvaða aðilar hafi lögsögu um mannvirkin.

4. M26-08-460 - Vatnsdæla 2026

Atvinnu- og menningarnefnd ákveður að Vatnsdæla 2026 verði að þessu sinni helguð minningu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og öðrum kvenskörungum Austur-Húnavatnssýslu. Dagskrá Vatnsdælu að þessu sinni fer fram föstudaginn 28. ágúst.

5. M26-08-463 - Atvinnu- og markaðsmál Húnabyggðar

Kynnt hafa verið frumdrög að atvinnu- og markaðsstefnu Húnabyggðar og nefndin ákveður að haldinn verði sérstakur vinnufundur til að þróa drögin áfram. Formaður nefndarinnar mun kalla inn á vinnufundinn.

5. M26-08-475 - 64. fundur skipulags- og samgöngunefndar

Fundargerð 64. skipulags- og samgöngunefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 74. fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar eins og einstök erindi bera með sér. Liður 4 og 5 þarfnast sérstakar afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með níu atkvæðum samhljóða.

1. Umsókn um framkvæmdarleyfi vegna stígagerðar í Kálfshamarsvík

Með innsendu erindi óskar Pétur Arason fyrir hönd Húnabyggðar eftir framkvæmdarleyfi fyrir stígagerð í Kálfshamarsvík
Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir umsókn um framkvæmdarleyfi.

2. Gangbraut við Melabraut að búðinni

Á 150. fundi byggðarráðs Húnabyggðar þann 8. júlí var eftirfarandi bókað:
Byggðarráð samþykkir að ráðist verði í framkvæmdir vegna umferðaröryggismála við Melabraut frá skólalóðinni að verslunarhúsnæðinu við Húnabraut 4. Byggðarráð vísar málinu til skipulags- og samgöngunefndar.
Skipulags- og samgöngunefnd felur byggingafulltrúa að útfæra tillögur að bættu umferðaröryggi samkvæmt umræðum fundarins og leggja fyrir byggðarráð.
Nefndin leggur áherslu á að verkefnið verði sett í forgang til að tryggja umferðaröryggi á svæðinu hið allra fyrst.

Bókun fundar

Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar með að setja verkefnið í forgang.

3. Reykir Rarik 5, merkjalýsing

Lögð var fram merkjalýsing vegna Reykja RARIK 5 og hnitsetningar Reykja RARIK 3 í Húnabyggð, unnin af Stoð verkfræðistofu samkvæmt reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024. Merkjalýsingin tekur til afmörkunar lóðarinnar Reykir RARIK 5 og hnitsetningar Reykja RARIK 3, ásamt skilgreiningu landamerkja, hnitaskrár, stærðar lóðar, kvaða og annarra réttinda sem fylgja fasteignunum. Fyrir liggja undirritanir eigenda og annarra hlutaðeigandi aðila sem staðfesta merkjalýsinguna. Skipulags- og samgöngunefnd samþykkir framlagða merkjalýsingu vegna Reykja RARIK 5 og hnitsetningar Reykja RARIK 3 í Húnabyggð.

4. Breyting á aðalskipulagi gamla bæjarins og Klifamýrar.

Tekin fyrir tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 vegna Gamla bæjarins og Klifamýrar á Blönduósi, dags. 2. september 2025, með síðari breytingum. Skipulagsbreytingin tekur til um 17,4 ha svæðis sunnan Blöndu og vestan Hringveggar. Svæðið nær yfir gamla bæjarkjarnann og Klifamýri, ásamt Sýslumannsbrekku, strandsvæðinu vestan byggðarinnar og bökkum Blöndu. Markmið breytingarinnar er að móta heildstæða stefnu um verndun og þróun svæðisins. Í tillögunni er meðal annars gert ráð fyrir nýju miðsvæði í gamla bænum, endurskilgreindu íbúðarsvæði við Koppagötu og Blöndubbyggð, stækkun opinna svæða í Klifamýri og við Sýslumannsbrekku, nýju hverfisverndarsvæði yfir gamla bæinn og Klifamýri og breyttri stefnu um samgöngur. Jafnframt er fallið frá áður fyrirhuguðu íbúðarsvæði í Klifamýri og settir ítarlegri skilmálar um verndun menningarsögulegs svipmóts, uppbyggingu atvinnustarfsemi og íbúða, endurheimt horfinna húsa og virka ferðamáta. Skipulagslýsing var kynnt frá 23. júní til 14. júlí 2025. Vinnslutillaga breytingarinnar var kynnt frá 15. september til 27. október 2025. Umsagnir og athugasemdir sem bárust við kynningu skipulagslýsingarinnar og vinnslutillögunnar hafa verið teknar til skoðunar og nýttar við áframhaldandi mótun tillögunnar. Skipulags- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 vegna Gamla bæjarins og Klifamýrar, dags. 2. september 2025, með síðari breytingum, verði samþykkt til auglýsingar og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að auglýsa tillöguna í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar.

Bókun fundar

Sveitarstjórn samþykkir tillögu skipulags- og samgöngunefndar um að breytingum á aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 vegna Gamla bæjarins og Klifamýrar, dags. 2. september 2025, með síðari breytingum verði auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa tillöguna.

5. HB- Deiliskipulag gamla bæjarins

Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi Gamla bæjarins og Klifamýrar á Blönduósi, dags. 31. júlí 2026. Skipulagssvæðið er um 17,1 ha að stærð og liggur sunnan Blöndu og vestan Hringveggar. Það nær yfir gamla bæjarkjarnann og Klifamýri, ásamt Sýslumannsbrekku, strandsvæðinu vestan byggðarinnar og bökkum Blöndu. Markmið tillögunnar er að móta heildstæða framtíðarsýn fyrir svæðið með áherslu á verndun, viðhald, endurheimt og styrkingu menningarsögulegs svipmóts, lifandi blandaða byggð, endurbyggingu horfinna húsa, samgöngukerfi fyrir fjölbreytta ferðamáta og uppbyggingu almenningsrýma, stíga og áningarstaða. Skipulagslýsing var kynnt frá 10. júlí til 18. ágúst 2024 og kynningarfundur haldinn 5. september 2024. Vinnslutillaga deiliskipulagsins var kynnt frá 15. september til 27. október 2025 og kynningarfundur haldinn 16. október 2025. Umsagnir og athugasemdir sem bárust við

kynningu skipulagslýsingarinnar og vinnslutillögunnar hafa verið teknar til skoðunar og nýttar við móttun tillögunnar.

Skipulags- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að deiliskipulagi Gamla bæjarins og Klifamýrar á Blönduósi, dags. 31. júlí 2026, verði samþykkt til auglýsingar samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að auglýsa tillöguna.

Bókun fundar

Sveitarstjórn samþykkir tillögu Skipulags- og samgöngunefndar um auglýsingu deiliskipulag Gamla bæjarins og Klifamýrar á Blönduósi samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa tillöguna.

6. F26-07-070 - 27. fundur fræðslunefndar

Fundargerð 27. fundar fræðslunefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 74. fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar eins og einstök erindi bera með sér. Liðið 2 og 4 þarfnast sérstakrar afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með níu atkvæðum samhljóða.

1. M26-07-443 - Kosningar - fræðslunefnd

Lögð fram tillaga um Magnús Sigurjónsson sem formann og Ásdísi Ýr Arnardóttur varaformann nefndarinnar. Samþykkt með fimm atkvæðum.

2. M26-07-444 - Erindisbréf

Fræðslunefnd samþykkir erindisbréf Fræðslunefndar 2026-2030.

Bókun fundar

Sveitarstjórn staðfestir erindisbréf fræðslunefndar samhljóða með níu atkvæðum.

3. M26-07-445 - Fastur fundartími fræðslunefndar

Fastur fundartími nefndarinnar er síðasti mánudagur í mánuði klukkan 15:00.

4. M26-07-446 - Menntastefna Húnabyggðar

Fræðslunefnd samþykkir framlagða menntastefnu Húnabyggðar með áorðnum breytingum og vísar henni til staðfestingar í sveitarstjórn.

Bókun fundar

Sveitarstjórn staðfestir framlagða menntastefnu Húnabyggðar samhljóða með níu atkvæðum.

5. M26-07-447 - Byrjun skólaárs 2026

Formaður fór yfir stöðu mála við upphaf skólaárs leik- og grunnskóla. Allar stöður eru mannaðar sem er ánægjulegt. Miklar umræður urðu um málefni nefndarinnar, þá meðal annars húsnæðismál o.fl.

7. F26-07-069 - 15. fundur landbúnaðarnefndar

Fundargerð 15. fundar landbúnaðarnefndar Húnabyggðar lögð fram til staðfestingar á 74. fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar eins og einstök erindi bera með sér. Liður 4 þarfnast sérstakrar afgreiðslu. Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með níu atkvæðum samhljóða.

1. M26-06-122 - Girðingamál

Björn Svanur Þórisson kom á fundinn undir þessum lið og rætt var um þau verkefni sem búin eru og það sem eftir er að gera. Búið er að fara með girðingunni í Víðidalsfjalli og á Grímstunguheiði. Á Auðkúluheiði er búið að fara með girðingu frá Vatnsdalsá í Blöndu. Skipt var um net á girðingu milli hestahólfs á Auðkúluheiði og Sauðadal. Búið er að fara með girðingunni á Mosás og á milli vatna. Búið er að fara á Skagaheiði og Kálfshamarsvík. Einnig er búið að fara með girðingunni við Kirkjuskarð. Nú er unnið viðgerð á nátthagagirðingu við Auðkúlurétt. Fyrir liggur að klára hólfið við skála, réttir og nátthólf.

2. M26-08-468 - Reglugerð um flutning sauð- og geitfjár yfir varnarlínur.

Lagt fram erindi frá Matvælastofnun, dags. 14. apríl 2026, þar sem vakin er athygli á nýrri reglugerð um flutning sauð- og geitfjár yfir varnarlínur.

3. M26-08-467 - Ábendingar til sveitarfélaga vegna búfjárbættar og ágangs búfjár.

Erindi frá atvinnuvegaráðuneytinu, dags. 24. júní 2026, með ábendingum til sveitarfélaga vegna búfjárbættar og ágangs búfjár, lagt fram til kynningar.

4. M26-08-466 - Sauðadalssamningur

Landbúnaðarnefnd leggur til við sveitarstjórn að verða við beiðni fjallskiladeilda Grímstungu- og Haukagilsheiða og Auðkúluheiðar um gerð nýs samnings um Sauðadal. Fyrirkomulag gangna helst óbreytt haustið 2026.

Bókun fundar

Sveitarstjórn samþykkir beiðni fjallskiladeilda Grímstungu- og Haukagilsheiða og Auðkúluheiðar um uppsögn á núgildandi samningi um fjallskil á Sauðadal. Jafnframt felur sveitarstjórn landbúnaðarnefnd að hefja viðræður við landeigendur um gerð nýs samnings um fjallskil á Sauðadal. Sveitarstjóra falið að segja samningnum upp með formlegum hætti fyrir 20. ágúst n.k. Sveitarstjórn ítrekar bókun Landbúnaðarnefndar að fyrirkomulag gangna helst óbreytt haustið 2026.

5. M26-06-124 - Fjallaskilasamþykkt A-Hún.

Drög að nýrri fjallaskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu. Farið var yfir stöðu mála er varðar breytingar á fjallaskilasamþykkt. Vinna mun halda áfram, boðað verður til vinnufundar nefndarinnar auk fjallaskilastjóra.

6. M26-06-123 - Styrkvegaframkvæmdir

Staða mála.

Birgir Þór vék af fundi undir þessum lið. Pétur Arason kom á fundinn undir þessum lið. Ekki er búið að fara í neinar framkvæmdir á þessu ári. Rætt var um veginn við Stafnsrétt, Vaglaveg, veginn upp á Grímstungu- og Haukagilsheiði ásamt veginn milli Mánaskálar og Núps. Nefndin leggur til að nú þegar verði hefлаður vegur á Laxárdal og framkvæmdir við Vaglaveg verði lokið. Einnig ítrekar nefndin að farið verði í lagfæringu á veginum upp á Haukagilsheiði eins og áður hefur verið samþykkt af byggðarráði og staðfest í sveitarstjórn. Mikilvægt er að fengnir verði verktakar í framkvæmdirnar sem fyrst.

7. M26-06-342 - Viðburðir á vegum Húnabyggðar

Kynning á viðburðum Húnabyggðar erindi vísað til nefndarinnar frá Atvinnu- og menningarnefnd. Umræður urðu um erindið sem við kemur stóðsmölun á Laxárdal. Formanni nefndarinnar falið að ræða við fjallskilastjórn Enghlíðinga.

8. M26-06-125 - Önnur mál landbúnaðarnefndar

Ekkert var bókað undir þessum lið.

8. M26-08-474 - Skýrsla sveitarstjóra 11.08.2026

Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni sveitarfélagsins sem nú eru í gangi og hvað er framundan.

Fundi slitið 16:35.